

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir ^{1861.}
nordur- og austurumdæminu, um laun héraðs- 21. ágústm.
læknis, er skipaður var í annað embætti.

Eptir að dómsmálastjórnin með bræfi yðar, herra amtmaður, 20. júní. p. á., hefir meðtekið álitsskjal frá Jóni héraðslækni Finsen, um það, er hann er settur til að gegna héraðslæknisembættinu í Múlasýslum og Austur-Skaptafellssýslu, skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það hlutaðeiganda, að frá 1. degi októbermánaðar í haust getur hann aðeins fengið laun eptir 8. grein í lögunum frá 19. febrúarm. p. á., smbr. 4. gr. og 2. tölulið 3. greinar. Auk launa sinna sem héraðslæknis í Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslum, sem eru 550 ríkisdalir, og launaviðbótar þeirrar, er honum ber af þeim, en hún er 11 ríkisdalir 64 sk. um mánuðinn, það sem eptir er fjárhagsársins, á hann því, eptir þessum ákvörðunum, aðeins að fá tiltöuhluta af þóknun, sem er að upphæð 250 rdl. um árið, eður 20 rdl. 80 sk. um mánuðinn, sem settur héraðslæknir í því embættinu, er fyrst var nefnt.

49. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 27. ágústm.
yfir Íslandi, um bænarskrá frá alþingi 1859, um
endurgjald fjárvarðakostnaðar.

Dómsmálastjórnin hefir meðtekið álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, 9. apríl. p. á., um þegnlega bænarskrá, er kom frá alþingi árið 1859, um að fæ það, samtals 697 rdl. 56 sk., sem varið var til fjárvarða nokkurra, er íbúar Rangárvalla og Skaptafellssýslu settu árin 1857 og 1858, verði endurgoldið hêrudum þessum, annaðhvort úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins, eður af þeim 4000 ríkisdölum, sem veittir eru til óvissra gjalda handa Íslandi.

Um leið og í þessu efni skal skýrskotað til hinnar konunglegu auglýsingar til alþingis 1. júní. p. á. (II., 18. tölulið), er yður það hêrmeð til vitundar gefið, sjálfum yður til leið-